

**Nd.**

**72. Nefndarálit**

**[40. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Árið 1951 beittu lýðræðisflokkarnir sér fyrir því, að lögum um þingsköp Alþingis var breytt (lögum nr. 115 19. nóv. 1936), þannig að kosnir skyldu 3 menn úr utanríkismálanefnd til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál. Tilgangurinn með þessari breytingu var — yfirlýstur af fulltrúum lýðræðisflokka — að útiloka kommúnista frá meðferð utanríkismála.

Síðan núverandi ríkisstjórn var mynduð, hefur undirnefndin ekki verið kosin og utanríkismálanefnd gerð óstarfhæf og þingsköp Alþingis þannig sniðgengin. Ástæðan fyrir þessu er augljós. Ef undirnefndin væri kosin, fengi stærsti stuðningsflokkur ríkisstjórnarinnar, kommúnistar, fulltrúa í nefndinni, en það vill stjórnarliðið koma í veg fyrir að vitnist erlendis, þar sem tilkynnt hefur verið, að kommúnistar séu áhrifalausir í utanríkismálum, en utanríkisráðherra ráði öllu.

Með frumvarpi þessu gefa fulltrúar Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins í ríkisstjórninni kommúnistum löggildingu sem samstarfshæfum mönnum um utanríkismál. Getu kommúnistar að þessu leyti unað vel við sinn hlut, þótt ýmsir leyfi sér að telja, að þeir séu ekki traustsins verðir.

Vætanlega verður utanríkismálanefnd látin starfa, eftir að frumvarp þetta hefur fengið afgreiðslu. Þar sem ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar bera ábyrgð á gangi þessara mála, eins og þeim hefur verið hér lýst, teljum við undirritaðir ekki ástæðu til þess að taka þátt í afgreiðslu málsins með atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 13. nóv. 1958.

Ingólfur Jónsson,      Ásg. Sigurðsson.  
frsm.